



Ferðaskilmálar vegna þingsins 2025

UNR endurgreiðir aðeins ferðakostnað fyrir einn fulltrúa frá hverjum aðildarsamtökum. Ekki er greiddur ferðakostnaður fyrir þátttakendur frá áheyrnarsamtökum eða gesti. UNR greiðir heldur ekki ferðir fleiri en eins fulltrúa frá hverjum aðildarsamtökum.

Gildistími

Þingfulltrúar og aðildarsamtök þeirra **samþykkja þessa ferðaskilmála þegar skráð er á þingið** og gilda þeir til 31.12.2025.

Skráning á þingið er bindandi. Ef upp kemur ófyrstíðanleg hindrun þarf skrifleg tilkynning um forföll að berast á netfangið unr@unginorden.org eigi síðar en tveimur vikum (14 dögum) fyrir þing til þess að hægt sé að endurgreiða þáttökugjaldið að fullu. Ef veikindi koma upp er þáttökugjald greitt að því tilskildu að framvísað sé læknisvottorði. Ef þessum skilyrðum er ekki fullnægt, ber þingfulltrúa eða aðildarsamtökum hans að greiða þáttökugjaldið að fullu.

Gildistaka

Ferðaskilmálar þessir taka gildi á þingi Norðurlandaráðs ungmenna 2025. Norðurlandaráð ungmenna hlítir finnskum lögum.

Skyldur

Þingfulltrúar og aðildarsamtök ábyrgjast að veita réttar upplýsingar um nafn, tengiliðaupplýsingar, samtök o.s.frv. á skráningareyðublaðinu. **Nafn þingfulltrúans verður að vera nákvæmlega eins og í vegabréfinu til þess að hægt verði að hleypa honum inn í fundarsalinn.** Ef nafn er rangt, misritað eða rangur fæðingardagur er gefinn upp getur það orðið til þess að þingfulltrúi geti ekki tekið þátt í þinginu.

Ef fulltrúi aðildarsamtaka er undir lögaldri þarf forráðamaður hans að skrifa upp á að UNR beri ekki ábyrgð á fulltrúanum á þinginu og veita jafnframt leyfi fyrir því að þingfulltrúinn deili hótélherbergi með hugsanlega ókunnugum lögráða einstaklingi.

Greiða skal þáttökugjaldið í síðasta lagi á gjalddaga. Vanræki aðildarsamtökin að greiða þáttökugjald fulltrúa síns á gjalddaga, er UNR heimilt að **vísa þingfulltrúanum af þingi þegar í stað**. Það þýðir að fulltrúanum er meinað að vera viðstaddur, taka til máls og kjósa. Í slíku tilviki er UNR einnig heimilt að krefjast þess að aðildarsamtökin greiði annan tilheyrandi kostnað, svo sem gistingu, máltíðir o.fl. Einnig er hægt að meina aðildarsamtökum sem ekki hafa greitt þáttökugjald um þáttöku á þingum í framtíðinni, þar til þáttökugjaldið hefur verið greitt.

Skráning

Þingfulltrúar skulu skrá sig innan tilskilins frests. . Hafið í huga að skráningarfrestur getur verið auglýstur í öðru tímabelti en þú býrð í. Ef ágreiningur rís vegna skráningar á þáttöku leitast UNR við að semja um lausn hans.



Ferðir

Þingfulltrúarnir ábyrgjast sjálfir að bóka far á þingið og heim aftur og greiða ferðirnar. Þingfulltrúar skulu bóka ferðir sínar tímanlega fyrir þingið. Nýta ber afslátt, svo sem námsmannaafslátt, svo framarlega sem unnt er.

Endurgreiðslur vegna ferðakostnaðar

UNR endurgreiðir eingöngu vegna ferðakostnaðar fyrir einn (1) fulltrúa á hver aðildarsamtök. UNR endurgreiðir ekki ferðakostnað þingfulltrúa sem ekki tekur þátt í þinginu. UNR endurgreiðir heldur ekki aukakostnað vegna endurbókunar. Vilji aðildarsamtökin senda fleiri en einn fulltrúa á þingið greiða þau frekari kostnað samkvæmt þessum ferðaskilmálum.

Ferðakostnaður er eingöngu endurgreiddur gegn framvísun kvittana í frumriti fyrir ferðir, svo sem flug, lestir eða almenningssamgöngur. UNR endurgreiðir hinsvegar ekki fæðiskostnað á meðan ferðast er, UNR endurgreiðir heldur ekki aukakostnað vegna endurbókunar eða afbókunar á flugi, aukafarangurs, breytanlegra flugmiða (flex), farmiða á fyrsta farrými eða farartækja svo sem þýrlum. Eingöngu er greitt fyrir leigubíla ef samið er um það skriflega fyrirfram við framkvæmdastjóra UNR. Eingöngu er greitt kílómetragjalda fyrir akstur í eigin bíl til og frá þingi ef samið er um það skriflega fyrirfram og miðast þá við 50% af aksturgreiðslum innanlands sem finnsk skattayfirvöld hafa ákveðið.

Framvísið vinsamlegast frumriti af kvittunum fyrir ferðakostnaði þegar sótt er um endurgreiðslu á ferðakostnaði. Ferðakostnaður er eingöngu endurgreiddur ef kvittanir á farmiðum sýna dagsetningu og heildarupphæð kaupanna. Ef farmiðar hafa verið greiddir í annarri mynt ber að umreikna ferðakostnaðinn í evrur hér

<https://www.oanda.com/currency-converter/en/?from=DKK&to=EUR&amount=1>. Gætið þess að slá inn þá dagsetningu sem farmiðarnir voru keyptir á.

Ferðakostnaður sem opinber fulltrúi aðildarsamtaka getur sýnt fram á endurgreiðist samkvæmt þessum ferðaskilmálum og upphæðarmörkum hér að neðan.

Fjárhæð

Brottfararland	Samgöngutæki	Upphæðarmörk (samtals)
Danmörk	Staðbundnar samgöngur, flug, rútur, lestir og ferjur	170 €
Finnland	Staðbundnar samgöngur, flug, rútur, lestir og ferjur	170 €
Færeyjar	Staðbundnar samgöngur, flug, rútur, lestir og ferjur	500 €
Grænland	Staðbundnar samgöngur, flug, rútur, lestir og ferjur	1.500 €
Ísland	Staðbundnar samgöngur, flug, rútur, lestir og ferjur	350 €
Noregur	Staðbundnar samgöngur, flug, rútur, lestir og ferjur	170 €
Svíþjóð	Staðbundnar samgöngur, flug, rútur, lestir og ferjur	120 €
Álandseyjar	Staðbundnar samgöngur, flug, rútur, lestir og ferjur	75 €



Vegabréf eða önnur skilríki

Þingfulltrúar ábyrgjast sjálfir að vegabréf þeirra séu gild eða önnur skilríki sem gera þeim kleift að ferðast milli Norðurlandanna.

UNR ber ekki ábyrgð á tjóni eða endurbókunum sem rekja má til þess að þingfulltrúi hafi ekki haft fullnægjandi ferðaskilríki til að komast leiðar sinnar.

Tryggingar

Þingfulltrúar sjá sjálfir um að vera með ferðatryggingu á öllu þinginu. UNR tryggir ekki þingfulltrúa.

Meginreglur um meðferð persónuupplýsinga

Umsýsluaðili Norðurlandaráðs ungmenna (UNR) er Pohjola-Nordens Ungdomsförbund (PNU). Skráning þátttakenda fer frem í Creamailer. Upplýsingar sem berast eru vistaðar í læstum kerfum sem krefjast persónulegrar heimildar til innskráningar. Eingöngu starfsfólk PNU hefur aðgang að upplýsingum þingfulltrúa og eru þær upplýsingar eingöngu notaðar við undirbúning og framkvæmd þingsins. Upplýsingarnar geta verið nafn, fæðingardagur, tengiliðaupplýsingar og flokkstengsl. Upplýsinganna er einungis aflað fyrir framkvæmd þingsins, í samskiptum sem tengjast því og í samskiptum við Norðurlandaráð og landsdeildir þess. Þingfulltrúum er heimilt að fá upplýst hvernig gögnin eru vistuð og hver hafa aðgang að þeim. Fyrirspurnir um upplýsingar skulu sendar á netfangið unr@unginorden.org. UNR leitast við að svara skriflega fyrirspurnum um upplýsingar innan tveggja vikna (14 daga). Upplýsingum um skráða þingfulltrúa er eytt þegar öllu varðandi þingið er lokið.